

DJÚPADALSVEGUR –FRÁ VESTFJARÐAVEGI Á HALLSTEINSNESI TIL DJÚPADALS, REYKHÓLAHREPPI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning vegarkafla í austanverðum Djúpafirði (Djúpadalsvegur) frá væntanlegum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi að núverandi Vestfjarðavegi undir Mýrlendisfjalli, Reykhólahreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að með hliðsjón af nýföllum dómi vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar ríkir óvissa um fyrirhugaða framkvæmd. Stofnunin veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Reykhólahrepps. Stofnunin veur athygli á því að samkvæmt aðalskipulagi Reykhólahrepps, sem nú er til meðferðar, er ekki gert ráð fyrir vegi inn austanverðan Djúpafjörð. Áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út þarf að tryggja að áformuð veg framkvæmd sé í samræmi við gildandi skipulag. Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi skógræktarstjóra þarf til að rjóðurfella samkvæmt II. kafla, 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir, sem kynntar hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. desember 2008.

27. nóvember 2008

INNGANGUR

Þann 28. ágúst 2008 tilkynnti Vegagerðin lagingu Djúpadalsvegur, Vestfjarðarvegur á Hallsteinsnesi - Djúpidalur til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykhólahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykhólahreppi með bréfi dags. 21. nóvember 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. september 2008, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 6. október 2008 og tölvupósti 27. október 2008, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 26. september 2008, Skógræktar ríkisins með tölvupósti 30. október 2008 og bréfi dags. 10. nóvember 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. september 2008. Athugasemdir framkvæmdaraðila við umsögnum bárust með bréfi dags. 23. október 2008 og tölvupósti, 23., 27., og 31. október 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Í framlögðum gögnum kemur fram að í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar hafi verið lögð fram veglína inn Djúpafjörð að vestanverðu. Þar var lagt til að gerður yrði nýr malarvegur af Grónesi inn á núverandi veg við Hálsá undir Ódrjúgshálsi. Við verkhönnun hafi komið í ljós að hentugra væri að leggja veglínuna í austanverðum Djúpafirði en þar sé fyrir vegur frá Djúpadal út í Hallsteinsnes og svæðið því þegar raskað að nokkru leyti, en áður áformaður vegur að vestanverðu myndi liggja að mestu um órsakað land.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð vegalagning liggja inn austanverðan Djúpafjörð til norðurs frá nýjum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi. Vegurinn liggja að miklu leyti um gróið land, ýmist um mólendi eða kjarrlendi en víða standa klappir upp úr landslaginu. Vegurinn verði 4 m breiður og hannaður fyrir 70km/klst hraðan akstur. Gert sé ráð fyrir mjög lítilli umferð á veginum, ársdagsumferð minni en 10 bílar á dag. Framkvæmdin sé liður í uppbyggingu vegakerfisins í Gufudalssveit.

Veglína komi til með að fylgja núverandi vegslóðum á leiðinni að miklu leyti en þó ekki alls staðar. Nokkrir skorningar séu á leiðinni og sé Krossagil þeirra stærst en um það rennur Hálsá og þar verði sett stálræsi, 2,4 m í þvermál. Á öðrum stöðum verði sett minni ræsi þar sem við á.

Fram kemur að áætluð efnisþörf í verkið verði um 90 þús m³. Verktaki megi hvergi taka efni til vegagerðar nema úr vegskeringum, skriðum við núverandi vegslóða innan Barms og úr núverandi Vestfjarðavegi undir Mýrlendisfjalli. Áður en efnistaka úr vegskeringum hefjist verði öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á svæðinu ýtt í haug og geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Heildarmagn skeringa reiknist um 230 þús m³. Stór hluti þeirra sé í sethjalla í austanverðum Djúpafirði, við Hallsteinsnes, eða 110 þús m³ og verði það magn ásamt öðru hugsanlegu umframefni

úr skeringum nýtt í gerð Vestfjarðavegar. Sethjallinn sé lítt gróinn, en við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar hafi verið gert ráð fyrir námu á þessu svæði og leggja að henni veg. Með því að leggja Djúpadalsveg inn Djúpafjörð að austan verði ekki þörf á stórrí námu né sérstökum námuvegi.

Fram kemur að í útboðsgögnum verði greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Frágangi á vegskeringum og námum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verði sléttaðar vel og til samræmis við landslag og halla umhverfis. Við uppgræðslu verði farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verði í vegkanta og vegfláa á grónu landi gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Haft verði samráð við Skógrækt ríkisins vegna kjarrlendis sem kann að skerðast. Allur frágangur verði í samráði við landeigendur og vegtengingar aðlagðar að nýjum vegi.

Komi til að verktaki setji upp vinnubúðir verði það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verði farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

Áhrif á samfélag. Fram kemur að í Djúpadal sé stundaður búskapur og þrjú frístundahús sem geti fjölgað í 10 samkvæmt deiliskipulagi svæðisins. Á framkvæmdatíma muni umferð um svæðið vart raskast. Ryk og hávaði muni líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma.

Áhrif á landslag. Fram kemur að vegurinn muni liggja um svæði sem þegar er raskað að nokkru leyti. Vegurinn muni samt breyta ásýnd lands og þá sérstaklega þar sem náma verði í vegsvæði. Gengið verði þannig frá vegsvæði og efnistökusvæði að þau falli vel að landi að framkvæmd lokinni. Reiknað sé með að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa nokkuð fljótt.

Áhrif á jarðmyndanir og vatn. Fram kemur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir. Nýr vegur liggi hvergi um votlendi. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

Áhrif á fornminjar. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar á svæðinu. Ef í ljós komi áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, muni Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Vestfjarða um aðgerðir. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis.

Áhrif á lífríki. Fram kemur að vegurinn liggi að hluta til um land þar sem gróðri hefur þegar verið raskað með vegagerð en muni þó skerða gróðurlendi á köflum, þar á meðal kjarrlendi á Hallsteinsnesi og inni í botni Djúpafjarðar. Annað gróðurlendi sem muni skerðast lítillaga sé graslendi og mólendi. Framkvæmdin muni ekki hafa teljandi áhrif á varp arna á svæðinu vegna fjarlægðar fyrirhugaðrar vegalagningar í austanverðum Djúpafirði frá arnarvarpi. Áhrif framkvæmdarinnar muni því verða minni en á þeirri leið sem gert var ráð fyrir í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum

Vestfjarðavegar. Vegur muni hafa einhver áhrif á aðra fugla, einkum skógarþröst, vegna minniháttar skerðingar á kjarrlendi. Áhrif á fugla muni í heildina verða minniháttar.

Fram kemur að Vegagerðin telji að nýr vegur inn austanverðan Djúpafjörð hafi mun minni áhrif en vegur inn vestanverðan fjörðinn eins og áður var áætlað að leggja. Vegagerðin telji að vegaframkvæmdin og sú efnistaka sem henni fylgi muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif, auk þess sem ýmsum aðgerðum og samráði verði beitt á framkvæmdatíma, til að draga úr áhrifunum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARÁÐILA

Í umsögnum Reykhólahrepps, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Skógræktar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að m.t.t. ábendinga stofnananna sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Skógræktar ríkisins kemur fram að framkvæmdin muni hafa í för með sér ruðning á birkiskógi, en ekki sé ljóst hvert umfang skógareyðingarinnar verði eða hvernig staðið verði að mótvægisáðgerðum. Eftir samráð milli Vegagerðarinnar og Skógræktar ríkisins segir í frekari umsögn Skógræktarinnar að umfang skógareyðingar verði undir 0,5 ha að flatarmáli, sem sé undir viðmiðum um tilkynningaskyldu vegna skógareyðingar. Bendir stofnunin þó á að eðlilegt sé að skógareyðing vegna framkvæmdanna verði skráð og hún að fullu bætt með fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem boðaðar hafa verið vegna vegagerðar um Teigsskóg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að vegur austan Djúpafjarðar komi til með að hafa minni áhrif á arnarvarp en sá vegur sem var áður áformaður vestan fjarðarins. Stofnunin telur þó að upplýsingar skorti um jarðfræði og gróðurfar á framkvæmdasvæðinu og nákvæma legu fyrirhugaðs vegar m.t.t. þeirra þátta. Telur stofnunin að verði vegurinn lagður að mestu leyti í veglínu núverandi vegar, megi draga að miklu leyti úr umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Þá sé jafnframt óvissa um legu vegarins vegna nýfallins dóms vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar.

Í svari Vegagerðinar kemur fram að stofnunin muni gera athuganir á gróðurfari og jarðfræði í austanverðum Djúpafirði eins og farið er fram á. Vegagerðin gerir þó athugasemd við þá kröfu að frekari upplýsinga sé þörf umfram það sem komi fram í kynningu framkvæmdarinnar og telur að fyrirliggjandi upplýsingar séu fullnægjandi til þess að hægt sé að meta hvort framkvæmdin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Bendir Vegagerðin á að hluti framkvæmdasvæðisins hafi verið skoðaður í tengslum við Vestfjarðaveg og órannsað svæði sé lítið. Einnig er Vegagerðin ósammála þeirri kröfu að fullmótuð veglína sé skilyrði til þess að meta hvort framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat. Upplýsingar í kynningu séu nægjanlegar til þess að taka ákvörðun um matsskyldu samkvæmt viðmiðum í 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Í frekari umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram ekki sé verið að krefjast þess að lögð verði fram fullmótuð veglína heldur hafi stofnunin verið að benda á að gögn um jarðfræði og gróðurfar á hluta veglínunnar séu ekki fyrir hendi og að með tilliti til þeirra þátta sé ekki hægt að segja til um áhrif veglínunnar að fullu, þar sem hún liggja ekki fyrir. Lega vegar geti skipt máli því "merkileg" jarðfræðifyrirkæmi geti verið mjög takmörkuð að stærð og válistaplöntur haft takmarkaða útbreiðslu. Stofnunin hafi bent á að með því að leggja fyrirhugaðan veg að mestu leyti í legu núverandi vegar megi draga að miklu leyti úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í umsögn sinni bendir Fornleifavernd ríkisins á að ekki hafi verið gerð fornleifaskráning á og við bæjarstæðið Barma en að henni lokinni verði málið sent stofnuninni til umsagnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 5,7 km vegarkafli í austanverðum Djúpafirði (Djúpadalsvegur) frá væntanlegum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi að núverandi Vestfjarðavegi undir Mýrlendisfjalli ásamt tengingum. Að mestu leyti er um að ræða nýbyggingu vegar, en veglína fylgir þó að talsverðu leyti núverandi slóðum og leiðum. Framkvæmdin er hluti af áfanga 2 á Vestfjarðavegi. Í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar (60) Bjarkarlundur – Eyri, var fjallað um tengingu frá Vestfjarðavegi að Djúpadal, inn Djúpafjörð að vestanverðu. Við nánari skoðun var talið betra að fara með veg inn Djúpafjörð austanverðan. Vegna þessara breytinga og eðlis og umfangs verksins er framkvæmdin tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhugaður Djúpadalsvegur mun ekki liggja um friðlýst svæði né svæði á Náttúruminjaskrá. Ljóst er að ætlun Vegagerðarinnar er að leggja nýjan veg, sem muni fylgja núverandi vegslóðum á svæðinu að miklu leyti. Vegurinn mun því liggja að hluta til um land þar sem gróðri hefur þegar verið raskað með vegagerð, en á köflum munu framkvæmdirnar skerða óraskað gróðurlendi, þar á meðal birkiskóg á Hallsteinsnesi og inni í botni Djúpafjarðar. Í tengslum við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Vestfjarðaveg voru gerðar rannsóknir á lífríki á hluta þess svæðis sem Djúpadalsvegur mun liggja um. Samkvæmt þeim er gróðurfar á svæðinu ekki sérstætt. Líklegt er að vegur austanmegin Djúpafjarðar komi til með að hafa minni áhrif á arnarvarp og jarðmyndanir en sá vegur sem var áður áformaður vestan til í firðinum. Fyrir liggur að áhrif á jarðmyndanir verða einkum vegna skeringa í sethjalla nærri Hallsteinsnesi og fyllinga í Krossagili. Skipulagsstofnun telur að með því að leggja fyrirhugaðan veg að mestu leyti í legu núverandi vegslóða megi draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Stofnunin tekur undir með Skógrækt ríkisins að haldin verði skrá yfir skógareyðingu vegna framkvæmdanna og hún verði bætt með boðuðum mótvægisáðgerðum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að áður en framkvæmdir hefjist verði gerð fornleifaskráning á og við bæjarstæðið Barma og niðurstöður hennar verði sendar Fornleifavernd ríkisins til umsagnar. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á ábyrgð Vegagerðarinnar um samráð við minjavörð Vestfjarða samkvæmt þjóðminjalögum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning vegarkafla í austanverðum Djúpafirði (Djúpadalsvegur) frá væntanlegum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi að núverandi Vestfjarðavegi undir Mýrlendisfjalli, Reykhólahreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að með hliðsjón af nýföllum dómi vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar ríkir óvissa um fyrirhugaða framkvæmd. Stofnunin veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulagi Reykhólahrepps. Stofnunin veur athygli á því að samkvæmt aðalskipulagi Reykhólahrepps, sem nú er til meðferðar, er ekki gert ráð fyrir vegi inn austanverðan Djúpafjörð. Áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út þarf að tryggja að áformuð veg framkvæmd sé í samræmi við gildandi skipulag. Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi skógræktarstjóra þarf til að rjóðurfella samkvæmt II. kafla, 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir, sem kynntar hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. desember 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Steingrímsson